

Rannsóknarstefna lagadeildar Háskólans í Reykjavík 2009-2011

Stefna lagadeildar Háskólans í Reykjavík á sviði rannsókna.

Við lagadeild Háskólans í Reykjavík skal unnið að lögfræðilegum rannsóknum í þágu lagamenntunar og samfélagsins alls. Stefna lagadeildar er að byggja upp öflugt rannsóknarstarf við deildina sem sé þekkt fyrir gæði bæði hérlendis og erlendis.

Markmið lagadeildar Háskólans í Reykjavík á sviði rannsókna eru:

1. að deildin sé vettvangur fyrir kennara með hæfni og metnað til að sinna rannsóknum á sviði lögfræði. Það verði gert með því að;

a. fastráða kennara sem eru eða hafa sýnt ótvíræða hæfni til að verða framúrskarandi fræðimenn

Leitast verður við að fastráða kennara sem hafa sýnt fram á að þeir eru eða hafa alla burði til að verða framúrskarandi fræðimenn. Í því sambandi verði horft til skrifa þeirra um fræðileg málefni, námsferils þeirra eða eftir atvikum starfsferils þeirra sem lögmenn eða lögfræðingar.

b. rannsóknir verði verulegur hluti af starfsskyldum fastráðinna kennara

Stefnt er að því að verulegur hluti af starfsskyldum fastráðinna kennara verði rannsóknir. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að semja um rannsóknarhlutfall einstakra kennara.

c. skilgreina hvað teljist til rannsókna

Þar sem gert er ráð fyrir því að meginreglan sé að rannsóknir kennara séu verulegur hluti af þeirra starfsskyldum og framgangur muni í flestum tilvikum ráðast fyrst og fremst af rannsóknarframlagi þeirra, er mikilvægt að skilgreina hvað teljist til rannsókna. Lagadeild byggir á því að rannsóknir feli í sér sköpun og dreifingu áreiðanlegrar þekkingar. Fræðileg vinna telst því ekki rannsóknarframlag nema í henni felist þekkingarsköpun og hún hafi verið birt á opinberum vettvangi. Við mat á gæðum rannsókna ber einkum að líta til þess hvort þær hafi með sýnilegum hætti hlotið gagnrýnið mat jafningja. Þá er það mikilvæg forsenda fyrir gæðum rannsókna að sjálfstæði og akademískt frelsi rannsakandans sé tryggt. Að þessum skilyrðum uppfylltum geta bæði

rannsóknir sem einkum hafa hagnýtt gildi fyrir atvinnulífið og annars konar rannsóknir talist til rannsóknarframlags. Gert er ráð fyrir því að deildin setji nánari reglur þar sem kveðið verður á um hvað geti talist vera rannsóknarframlag í þessum skilningi.

d. virkt eftirlit verði með rannsóknarframlagi fastráðinna kennara

Hver kennari þarf að setja sér markmið í rannsóknum til tveggja ára. Við mat á því hvort og að hvaða marki kennarar hafi sinnt rannsóknarskyldum sínum verður m.a. tekið mið af árangri kennara við að fylgja þessum markmiðum eftir. Deildarforseti hefur eftirlit með rannsóknarframlagi kennara.

e. framgangur kennara taki mið af rannsóknarframlagi þeirra

Í samræmi við þær reglur sem yfirleitt er fylgt í háskólum, er stefnan sú að það sé meginregla að framgangur fastra kennara úr stöðu lektors í stöðu dósentis og þaðan í stöðu prófessors eigi sér stað á grundvelli undangengins mats þar sem mikil áhersla er lögð á rannsóknarstörf kennarans.

f. gefa fastráðnum kennurum með verulega rannsóknarskyldu kost á að fara í rannsóknarleyfi með reglulegu millibili til þess að vinna eingöngu að rannsóknum

Háskólinn í Reykjavík hefur sett reglur um rannsóknarleyfi kennara, en þeim er ætlað að styðja enn frekar við kennara í rannsóknarstörfum þeirra. Á sama hátt er stefnt að því að erlendir kennarar komi hingað til rannsókna og kennslu.

g. byggja upp gott bókasafn og veita aðgang að góðum upplýsingagrunnum til að auðvelda rannsóknir;

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans í Reykjavík er sérfræðisafn á fræðasviðum Háskólans í Reykjavík. Lagadeild leggur áherslu á öflugt bókasafn á sviði lögfræði sem eina af meginstöðum rannsókna við deildina. Hlutverk bókasafns og upplýsingaþjónustu skólans er meðal annars að styðja við rannsóknir við skólann með því að safna efni á fræðasviðum skólans, gera það aðgengilegt og veita viðskiptavinum fjölbreytta, nútímalega og persónulega þjónustu. Bókasafn og upplýsingaþjónusta skólans er rafræn þekkingarveita sem stefnir að því að vera þekkt að framsækni og fagmennsku á sviði bókasafns- og upplýsingamála og rækta samvinnu við innlend og erlend bókasöfn. Bókasafn og upplýsingaþjónusta tryggir starfsmönnum lagadeildar meðal annars aðstoð við efnisleit vegna rannsókna.

- h. tryggja kennurum aðgang að sérfræðipækkingu innan skólans til að auðvelda aðgengi að rannsóknarstyrkjum og skilgreina markmið og leiðir að rannsóknarfé

Stefnt er að því að Rannsóknarmiðstöð Háskólans í Reykjavík veiti starfsmönnum lagadeildar aðstoð við umsóknir til opinberra rannsóknarsjóða, bæði innlendra og erlendra.

- i. tryggja lagadeild hlutdeild í rannsóknarfé

Í ljósi framangreindra markmiða og starfshátta stefnir lagadeild að því að fá hlut í rannsóknarfé úr opinberum sjóðum í eðlilegu hlutfalli við aðra háskóla og aðrar deildir innan Háskólans í Reykjavík. Þá er stefnt að því að verulegur hluti þess fjármagns sem nauðsynlegt er til rannsókna komi úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Lagadeild stefnir á liðsinni fyrirtækja í atvinnulífinu að því er varðar rannsóknir á tilteknum réttarsviðum.

- j. skapa kennurum góða vinnuaðstöðu og -skilyrði til þess að sinna rannsóknum

Stefnt er að því að lagadeild skapi kennurum við deildina góða vinnuaðstöðu til að sinna rannsóknarvinnu og tryggi þeim aðgang að innlendum og erlendum bókasöfnum og rafrænum upplýsingagrunnum til að auðvelda þeim rannsóknarvinnu sína. Kennurum verði jafnfamt tryggður aðgangur að starfsfólki sem hefur sérfræðipækkingu í heimildaöflun. Þá stefnir lagadeild að því að gera kennurum kleift að taka þátt í rannsóknarsamfélaginu héraðs og erlendis, s.s. með þátttöku á fundum og ráðstefnum. Lagadeild virðir akademískt frelsi kennara.

- k. stuðla að uppbyggingu rannsóknarstofnana og rannsóknarhópa á sviði lögfræði sem og að stuðla að þátttöku lagadeildar í þverfaglegum rannsóknarstofnunum og rannsóknarhópum

Lagadeild stuðlar að því að byggðar verði upp rannsóknarstofnanir og/eða rannsóknarhópar á tilteknum sviðum í samræmi við þá færni og þekkingu sem fyrir hendi er innan lagadeildar. Þegar hefur verið lagður grunnur að þremur slíkum stofnunum, þ.e. evrópuréttarstofnun, rannsóknarstofnun í auðlindarétti og rannsóknarstofnun á sviði félaga- og fjármunaréttar. Þá hvetur lagadeild til þátttöku í þverfaglegum rannsóknarstofnunum og rannsóknarhópum.

2. að deildin njóti viðurkenningar héraðs og erlendis fyrir rannsóknir sínar á sviði lögfræði og verði þar í fremstu röð. Það verði gert með því að;

a. kennarar birti rannsóknir sínar í ritrýndum fræðiritum eða á annan viðurkenndan hátt

Í samræmi við skilgreiningu lagadeildar á rannsóknum telst fræðileg vinna ekki rannsóknarframlag nema í henni felist þekkingarsköpun og hún hafi verið birt á opinberum vettvangi. Í samræmi við það sem almennt gerist verður því ekki talið að rannsóknum sé lokið fyrir en niðurstöður hafa verið birtar þannig að þær séu aðgengilegar vísindasamfélaginu og geti þar með sætt gagnrýni, lagt af mörkum til frekari þekkingarsköpunar og verið hluti af fræðilegri umræðu. Lagadeild leggur áherslu á það að rannsóknir kennara hljóti birtingu á vettvangi sem þekktur er fyrir gæði héraðs eða erlendis. Eitt mikilvægasta form gæðaeftirlits með rannsóknum felst í því að þær hljóti gagnrýnið mat jafningja fyrir birtingu og mun lagadeild því leggja áherslu á það við mat á birtingum, hvort birt hefur verið í ritrýndum fræðiritum þar sem a.m.k. einn ritrýnandi hefur með gagnrýnum hætti metið rannsóknarframlag kennara. Kennslurit og önnur fræðirit á sviði lögfræði geta einnig haft í sér fólgið rannsóknarframlag. Þótt slík rit hljóti ekki jafningjamat fyrir birtingu skal meta þau til rannsóknarframlags að því gefnu að í þeim felist veruleg rannsóknarvinna og framlag til þekkingarsköpunar á viðkomandi sviði. Gert er ráð fyrir því að lagadeild setji nánari reglur þar sem viðurkennd birtingarform lögfræðilegra rannsókna eru ítarlega skilgreind. Til að stuðla að því að rannsóknarstarfsemi innan lagadeildar öðlist viðurkenningu bæði héraðs og erlendis er stefnt að því að kennurum verði tryggð aðstoð við t.a.m. þýðingar og prófarkalestur eftir því sem þörf krefur.

b. kennarar og rannsóknarstofnanir lagadeildar taki virkan þátt í vísindasamfélaginu héraðs sem á alþjóðavettvangi og eigi frumkvæði að rannsóknarmálþingum og -ráðstefnum

Það er mikilvægur hluti af rannsóknum að taka þátt í virku vísindasamfélagi. Slíkt getur t.d. falið í samstarfi í skipulögðum eða óformlegum netum rannsækenda og kynningu á niðurstöðum rannsókna á fundum og ráðstefnum. Slík þátttaka eykur bæði færni rannsækenda og orðspor rannsókna við lagadeild. Lagadeild mun því styðja við þátttöku kennara á þeim vettvangi og hvetur einnig til þess að kennarar og rannsóknarstofnanir lagadeildar eigi frumkvæði að slíku.

c. lagadeild og rannsóknarstofnanir hennar eigi frumkvæði að eða styðji með öðrum hætti við útgáfu fræðirita og ritraða á íslensku og erlendum tungumálum

Stefnt er að því að lagadeild styðji við útgáfu sem þegar er fyrir hendi eða eigi frumkvæði að útgáfu rita og/eða ritraða. Í því sambandi leggur lagadeild áherslu á gæði ritstjórnar og ritrýni. Til að stuðla að því að lagadeild öðlist viðurkenningu einnig erlendis, er stefnt að því að metið verði hvað af efni því sem gefið er út af deildinni eigi erindi til breiðari

hóps og verði það þá eftir atvikum gefið út á öðrum tungumálum en íslensku.

d. kennarar gefi kost á sér til þátttöku í mótun löggjafar

Þrátt fyrir að þar sé ekki um rannsóknir í þrengsta skilningi að ræða er það álit lagadeildar að það sé æskilegt að kennarar hennar hafi svigrúm til þess að bjóða fram sérþekkingu sína er löggjöf er mótuð eða sett og að þekking þeirra nýtist samfélaginu einnig með þeim hætti.

e. rannsóknarstofnanir og einstakir kennarar hvetji til og taki þátt í opinberum umræðum um lögfræðileg málefni á innlendum sem erlendum vettvangi

Það er álit deildarinnar að kennarar skuli hvattir til að nýta þekkingu sína m.a. í opinberum umræðum um málefni á sérsviði þeirra. Á sama hátt og miðað er við það að kennarar birti niðurstöður rannsókna og nýti sérþekkingu sína í almennri umræðu er miðað við að þeir hvetji til almennra umræðna um málefni á sérsviði sínu, eftir atvikum með því að stofna til málstofa eða ráðstefna.

3. að tryggja opið og skapandi rannsóknarumhverfi. Það verði gert með því að;

a. virða rannsóknarfrelsi kennara

Framtíðarsýn Háskólans í Reykjavík er að verða alþjóðlegur háskóli þekktur fyrir öflugar rannsóknir, lifandi kennslu og sterk tengsl við atvinnulífið. Markmið skólans og lagadeildar með þátttöku í vísindastarfi eru m.a. að efla nýsköpun í atvinnulífinu og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, en einnig að afla nýrrar þekkingar þekkingarinnar vegna og styrkja innviði íslensks samfélags. Rannsóknir innan vébanda lagadeildar eru því ekki bundnar við ákveðin réttarsvið eða ákveðnar tegundir rannsókna. Með því að virða rannsóknarfrelsi kennara verður best tryggt umhverfi sem er opið, skapandi og gagnrýnið eins og sæmir háskóla í fremstu röð á sviði rannsókna.

b. legja áherslu á samstarf og sinna rannsóknum sem styðji við nýsköpun, tækniþróun og alþjóðasamskipti í víðasta skilningi

Meðal leiðarljósa Háskólans í Reykjavík er víðtækt samstarf við fyrirtæki, háskóla, stofnanir og fræðimenn. Lagadeild hvetur því jöfnum höndum til rannsókna sem hafa hagnýtt gildi í samstarfi við atvinnulífið og annarra rannsókna í samstarfi við aðra háskóla og hópa fræðimanna hérlendis og erlendis. Lagadeild lítur einnig svo á að meðal þeirra aðila sem leggja beri

áherslu á samstarf við í rannsóknum sé opinberi geirinn, þ.e. stjórnvöld og dómstólar, sem hafi mótandi áhrif á innviði íslensks samfélags og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Lagadeild leggur einnig jafna áherslu á rannsóknir á íslenskum viðfangsefnum og alþjóðlegum viðfangsefnum og hvetur bæði til lögfræðilegra rannsókna og þverfaglegra rannsókna.

4. að nemendur öðlist þekkingu og þjálfun í að stunda rannsóknir. Það verði gert með því að;

a. veita nemendum nauðsynlegan fræðilegan grunn til að gera þeim kleift að sinna rannsóknarvinnu

Forsenda þess að nemandur geti öðlast þjálfun í að stunda rannsóknir er að þeir hafi haldgóða þekkingu á fræðikerfi lögfræðinnar og aðferðafræði lögfræðilegra rannsókna.

b. tengja meistaranám rannsóknarvinnu undir handleiðslu kennara

Það er stefna lagadeildar Háskólans í Reykjavík að efla áhuga nemenda á rannsóknum í lögfræði. Þýðingarmikill hluti meistaranáms mun verða rannsóknartengdur og þannig veita nemendum þjálfun í að stunda rannsóknar undir eftirliti og leiðsögn kennara deildarinnar.

c. bjóða upp á doktorsnám við deildina

Skipulagt doktorsnám er mikilvægur vaxtarbroddur rannsóknarstarfs. Stefnt er að því að boðið verði uppá doktorsnám við lagadeild sem fyrst. Með því er stefnt að því að veita nemendum þjálfun í að móta, skipuleggja og framkvæma sjálfstæðar lögfræðilegar rannsóknir og leggja þannig af mörkum sjálfstætt frumlegt framlag til þekkingarsköpunar.

d. gefa nemendum kost á að taka þátt í rannsóknarverkefnum, t.d. með því að kennarar fái þá til liðs við sig í þeirri rannsóknarvinnu sem þeir stunda hverju sinni;

Það er lögð á það áhersla að kennarar greiði fyrir því að nemandur geti tekið þátt í rannsóknarstarfi. Það verður m.a. gert með því að gefa nemendum kost á að vinna að tilteknum þáttum í rannsóknum kennara. Í því skyni að hlúa að þessum þætti skal hugað að því að koma á fót stöðum launaðra aðstoðarmanna kennara.

e. tryggja nemendum góða aðstöðu til þess að sinna rannsóknum;

Stefnt er að því að skólinn tryggji nemendum við deildina góða aðstöðu til að sinna rannsóknum, t.d. aðgang að innlendum og erlendum bókasöfnum og rafrænum upplýsingagrunnum til að auðvelda þeim rannsóknarvinnu sína. Nemendum verði jafnfamt tryggð aðstoð starfsfólks sem hefur sérfræðipækkingu í heimildaöflun.

f. veita nemendum stuðning við að skrifa tímaritsgreinar um lögfræðileg álitafni og birta þær;

Þáttur í rannsóknum er birting niðurstaðna þeirra á opinberum vettvangi og með því hasla nemendur sér völl á sviði rannsókna og í umræðu á opinberum vettvangi. Stefnt er að því að kennarar hvetji til og veiti nemendum stuðning og leiðbeiningar við að skrifa tímaritsgreinar og birtingu þeirra. Slíkar greinar kunna eftir atvikum að verða birtar sem sameiginleg höfundarverk kennarans og nemandans hafi rannsóknarvinnan verið unnin á meistarastigi undir leiðsögn kennarans.

Samþykkt á deildarfundi lagadeildar Háskólans í Reykjavík, 11. mars 2009